

SAGA EFTIRLIFENDA: NÍÐHÖGGUR

Sýnishorn – tveir kaflar úr væntanlegri skáldsögu
eftir Emil Hjörvar Petersen



www.starafugl.is
2014
Öll réttindi áskilin.

NÍTJÁNDI KAFLI

Yfir kalt eyðiland

Eftir stutta leit fann Skaði steinhnullung með nógu stórrri dæld til að geta myndað poll í. Hún girti niður um sig og kastaði vatni í dældina, hrækti tvisvar og hrærði með stráum. Að því búnu tók hún fram stakan fjallgönguskóinn sem hún hafði ríghaldið í síðan við brotlendinguna, tindi úr honum einn kósanna í reimagötunum og með hjálp hvassra steinvala mótaði hún málmhringinn í pinna. Þá fann hún laufblað, nuddaði pinnanum við steininn, stakk honum í gegnum það og lagði í þvaghrákapollinn. Járnþinninn í laufblaðinu var þannig sem segulnál í áttavita og vísaði í norður. Nú gat Skaði skyggnst almennilega um og verið skilvirk í fyrirætlunum sínum.

Trjágróðurinn lét mest á sér bera í austri og norðaustri, en sléttlendi, yfirgrónir akrar og eyðiþorp lágu í vestri og norðvestri. Skaði áætlaði að hún væri stödd á jaðri einhvers gamals og gleymds þjóðgarðs. Hér þyrfti hún að veiða sér til matar og, ef hægt væri, að finna vatn áður en hún legði af stað niður á sléttlendið. Hún gæti síðan leitað sér frekari birgða í einhverju eyðiþorpanna.

Sólin hífði sig hærra á loft, morgunkuldinn minnkaði, hungrið og þorstinn eftir hlaup næturinnar gerðu vart við sig. Það var tímabært að veiðigyðjan færi á veiðar.

Án vopna og með svo takmarkaðan búnað kom aðeins til greina að veiða smádyr. Upp úr hádegi tókst henni að veiða þröst með því að setja

saman búr úr smágreinum og spönginni úr margslitnum brjóstarhaldanum undir bolnum, og með því að festa í búrið nægjanlega langt band úr samanbundnum skóreimum svo að hún gæti falið sig og kippt í þegar bráðin stigi inn í það.

Þröstinn fláði hún og borðaði hráan vegna þess að hún hafði einfaldlega hvorki orku né einbeitingu til að skapa eld. Með búrinu og svipuðum aðferðum tókst henni að veiða tvö smádýr til viðbótar, íkorna og skógarmús. Hún batt helming reimanna um rófur þeirra og festi í belti sitt. Hinn helminginn notaði hún til að festa hárið aftur í tagl. Staka skóinn tók hún í sundur með fleiri hvössum steinum, sem fengust þegar hún splundraði steinhnullungi á öðrum steini. Með því að rífa trjábörk í ræmur og sameina þær og binda saman við skóhlutana og sitthvoran sólarhelminginn tókst henni að útbúa fótverjur fyrir báða fætur, sem áttu að geta dugað að næsta eyðiþorpi sem yrði á vegi hennar. Tvær flugur voru slegnar í einu höggi þegar hún braut til og mótaði spjót, og í senn staf, úr langri sverri grein, sem hún tálgaði endann með einum af hvössu steinum.

Meginvandamálið sem hún stóð frammi fyrir var vatnsskortur. Drullupyttirnir, leifar stöðuvatna þjóðgarðsins, voru ódrekkanlegir, líkast til mengaðir og beinlínis hættulegir. Samansafnaðir regndropar hér og hvar héldu Skaði gangandi um sinn, en ekki lengi; meira vatn þyrfti hún að finna. Hún mátti því ekki dvelja lengur við í skóginum, það var nauðsynlegt að færa sig um set og veðja á að finna vatn eða annan drykkjarvökva annars staðar, niðri á opnum lendum Eyðilandanna.

Skrælnuð og sprungin jörðin á jafnsléttunni hafði lyft smágrýti upp á yfirborðið allt það tímaskeið sem landið lá óhreyft, þar sem eitt sinn voru gjöful akurlendi.

Veiðigyðjan leitaðist við að ganga innan um gisdreifð, há og gul stráin, leyfði þeim að strjúkast við lófana. Viðkoman fyllti hana andagift og vilja sem gerði henni kleift að sættast við hráslagalegt umhverfið, eiga í samræðu við landið svo hún gæti metið það rétt og fært sér það í nyt. Stráin voru sem mótsvar við viðvarandi óþægindunum á iljunum, sem þurftu að þola ójafnan jarðveginn.

Fyrst um sinn hélt hún sig frá húsarústum og öðrum yfirgefnum mannvirkjum. Hún hafði tekið ákvörðun um að næsti áfangastaður yrði eyðiþorpið sem framundan var, á að giska, í um tíu kílómetra fjarlægð.

Vissulega hafði hún, með sterkri sjón og næmu lyktarskyni, orðið vör við annað líf í Eyðilöndunum. Í fjarska sá hún lítinn hóp flökkufólks, en hún gat ekki vitað hvort að þar færi friðsæll eða fjandsamlegur ættbálkur. Það var ekki hættunnar virði að nálgast hann. Og hún fann saurlykt einhverrar óvættarinnar, mjög líklega af stórskordýrategund. Hún gat staðsett um það bil hvaða leið óvætturinn hafði farið og hélt sig frá.

Um mitt síðdegið, þegar fáeinir kílómetrar voru eftir til eyðiþorpsins, fann Skaði til mikils þorsta og taldi þá skynsamlegast að leggja áherslu á að finna vökva svo að starfsemi huga og líkama héldist eðlileg. Vökvatap í Eyðilöndunum var lúmskur og hægur dauðdagi.

Fingur snertu jörð, nasir námu lykt af fingrum, hún færði sig um set. Þetta endurtók hún mörgum sinnum þar til hún fann fyrir meiri raka í moldinni og fylgdi honum eftir. Nálægt niðurgrotnaðri vindmyllu uppi á

lágri hæð, myllu sem hafði væntanlega verið upp á punt lengi vel fyrir Ringulreiðina, gekk veiðigyðjan fram á litla tjörn.

Það sætti furðu að óspillt tjörn full af ómengðu vatni væri á slíkum stað. Hvar voru vættir eða óvættir sem vildu njóta góðs af vatninu? Hvar voru stigamenn eða ættbálkar? Lítil ummerki voru um notkun vatnsins, utan stakra daufra fótspora í leirnum meðfram tjörninni. Ekkert hljóð heyrði hún nema skordýrasuðið í sefinu og lágan gný og marr frá vindmyllunni, og því eina blaði sem eftir var á snúningsásnum.

Skaði fór að öllu með gát, en hún átti erfitt með að hemja þorstann. Leit í kringum sig, enginn í auglýn, beygði sig niður, stakk höfðinu í kalt vatnið og drakk, fyrst litla sopa svo líkaminn vendist vökvainntökunni. En fljótt var hún farin að svolgra í sig stórum sopum. Vatnið var gruggugt og bragðvont, en drekkanlegt, ólíkt drullupyttsvatninu í skóginum þar sem hún vaknaði um morguninn.

Ferskleikinn og orkan sem hún öðlaðist við að vinna upp vökvatapið gerði henni mjög gott. Roðinn spratt aftur fram í vangana og vandamálin fjarlægðust stutta stund. Biturðin hvarf, biturðin yfir því að öll fyrirhöfnin að útvega eldsneyti og mannafla hafi aðeins komið þeim rétt svo handan Istens. Hún minnti sig hins vegar á að það var alls ekki sjálfsagt að komast klakklaust yfir Eyðilöndin, og þau komust nú þetta langt. Vonandi var enn hægt að ræða um þau en ekki aðeins hana.

Skaði settist niður við tjörnina, stakk spjótinu í leirinn, lagaði fótverjurnar og tók fram smádýrin tvö sem voru farin að lykta lítillaga. Ef hún ætlaði að borða þau þyrfti að kveikja eld, annars væri hætta á magakveisum og almennum leiðindum sem þeim fylgdi.

Af hverju ekki? hugsaði hún og litaðist um. Það er enginn nálægur. Ég brúna kjötið örlítið og slekk svo strax.

Sprek og greinar fann hún í runnum nálægrar smágróðurspyrpingar. Hún braut upp sverustu greinina og neri endanum á harðari grein upp við viðinn, fram og til baka og lagði þurr strá á milli jafnóðum. Smám saman kviknaði eldur. Oddinn á spjótinu rak hún í gegnum smádyrin, hélt þeim yfir eldinum og kæfði hann um leið og hún taldi kjötið nógu ætilegt. Borðaði síðan, ekki með bestu lyst, en þó einhverri.

Hún fann til lítilsháttar óróa vegna reyksins frá eldinum. En reykurinn kom henni ekki í vandræði. Heldur var það þorstinn.

Eftir máltíðina þyrsti Skaði aftur. Hún lagðist á magann, hirti ekki um þótt hún ataðist aur, heldur þambaði vatnið, spýtti út úr sér sandi og slýi og þambaði meira.

Í miðjum vangaveltum um hvernig hún gæti útbúið ílát sem hún gæti fyllt af vatni og tekið með sér heyrði hún heiftarlegt öskur. Hvaðan barst það? Ekki úr fjarska. Öskrið var nálægt en virtist fjarlægt. Það barst ekki innan úr vindmyllunni. Barst það upp úr tjörninni? Aftur var öskrað og því fylgdu bullandi loftbólur í vatninu.

Skaði spratt á fætur, þreif spjótið og beindi því að ógninni.

Loftbólurnar urðu fleiri og stærri, engu líkara en tjörnin væri farin að bullsjóða. Samhliða því urðu óhljóðin og öskrin hærri. Upp úr tjörninni reis stór öskrandi óvættur með sex fætur og tvö kræklótt horn á höfði. Vínrauður feldurinn á bakinu lafði niður að hreistrinu á búknum. Það skall í löngum skoltinum þegar óvætturinn glefsaði í átt að veiðigyðjunni. Ógnandi og nístandi öskrið skaut henni skelk í bringu eitt augnablik, svo

herti hún upp hugann.

Skaði kunni ekki skil á þessari ófreskju, en glöggvaði sig á að ekki væri ráðlegt að berjast við hana hjá tjörninni, ekki á hennar heimavelli.

Hún tók því á rás upp hæðina þar sem vindmyllan stóð. Hún heyrði hvernig það vall og gall í tjörninni og leirnum fyrir aftan hana þegar óvætturinn þrammaði frá dvalarstað sínum, aukandi hraðann um leið og á þurrt land var komið.

Sem betur fer var Skaði nýnærð og hafði því þann kraft sem þurfti til að spretta úr spori og flýja undan óvættinni — hún gæti þó aldrei stungið hana af.

Engin hurð var að myllunni. Gömul ummerki um bálkesti og svefnstaði voru fyrir utan og innan innganginn. Myllan leit þannig út fyrir að vera fyrrum áningarstaður skransafnara, farandsala eða jafnvel stigamanna. En ekki lengur. Fyrir því var ærin ástæða: Óvætturinn.

Hún hraðaði sér inn fyrir. *Kvikindið kemst ekki hér í gegn*, hugsaði hún. *Ekki í bili.*

Óvætturinn staðnæmdist stuttlega við innganginn, horfðist í augu við veiðigyðjuna, öskraði og tók að stanga vegginn við gættina í því skyni að brjóta sér leið inn.

Skaði gafst nokkrar sekúndur til umhugsunar.

Átti hún að hlaupa upp brothættan og fúinn hringstigann sem gæti brotnað þá og þegar? Oftast ætti efri staða að gefa yfirhönd í átökum, hins vegar hafði hún ekki úr miklu að móða; hvernig átti hún að geta sigrast á þessari miklu ófreskju með því að stinga trjéspjóti niður í hana? Í besta falli tækist henni að valda nokkrum sárum, en það myndi duga

skammt. Voðinn, ásamt innikróun, yrði vís.

Annar valkostur kom Skaði til hugar: Á jarðhæð myllunnar, þar sem hún var stödd, sá hún morkinn hlera á gólfinu.

Óvætturinn gróf hornunum í vegginn ofan við gættina, hróflaði hörkulega við steinunum og öskraði svo hátt að Skaði fékk suð í eyrun. Nokkur högg til viðbótar frá fótunum sex og óvætturinn væri komin inn.

Skaði tók undir sig stökk að hleranum og sparkaði niður af öllu afli. Hann féll í sundur. Rykið þyrklaðist upp, hún sá aðeins stiga liggja niður á við, jafn morkinn og hlerinn. Annars var myrkur þar niðri, í þessari geymslu eða búi.

Óvætturinn braut sér leið inn í mylluna. Hamslaus kom hún auga á bráð sína.

Veiðigyðjan hraðaði sér niður stigann. Næst neðsta þrepið brotnaði undan henni og vinstri fóturinn festist á milli. Hún sparkaði með hægri fætinum í neðsta þrepið, braut það í tvennt og losaði sig. Fótverjurnar gáfu litla vörn og því ollu spörkin töluverðum sársauka. Hún leit upp, þétti takið um spjótið en lét ekki mikið á því bera, vísaði því ekki upp á við, ekki strax.

Illa þefjandi vatnaskrímslið birtist við hleraopið, hungrað og glefsandi. Skítugir droparnir af feldinum skvettust upp um alla veggi þegar það þrjónaði og stappaði niður fótum.

Veiðigyðjan horfðist í augu við rándýrið. Hún var reiðubúin.

Óvætturinn stökk niður að bráð sinni.

Í sömu svifum beygði Skaði sig niður á hækjur sér, náði góðri fótfestu, beindi spjótinu upp á við og miðaði á bók dýrsins. Vegna

Þyngdar óvættarins sjálfrar boraðist spjótsoddurinn í gegnum hreistrið á bóknum, gegnum innyfli, vöðva og æðar, og reif sig alla leið í gegnum rauðan feldinn á bakinu. Í stað þess að bíta í Skaði rak óvætturinn upp mikið vein, sturlaðist og barði frá sér í brjálsemi. Skaði sleppti takinu á spjótinu og hraðaði sér afturábak, lengra inn í kjallarann. Á meðan skellti óvætturinn sér utan í vegg og reyndi þannig að ná spjótinu út.

Skaði fálmaði í hálfmyrkrinu, hendurnar strukust við hillur með fornum áhöldum og myllustein upp við vegg. Vegna þjálfaðrar náttstjónar og með hjálp ljósgeislanna frá hleraopinu var henni unnt að sjá ágætlega þar niðri. Hún sá fullklæddar beinagrindur á gólfinu, sem höfðu líkast til legið þar frá því í byrjun Ringulreiðarinnar. Við hlið einnar þeirra lá sigð og Skaði hugsaði sig ekki tvisvar um, þreif hana og beitti fyrir sig. Illa farið blaðið gæti brotnað, en gæti samt sem áður dugað gegn skepnunni.

Óvættinni hafði tekist að brjóta spjótið beggja megin við bókinn, með stubbinn þó enn inni í sér. Blóðið fossaði úr sárinu og hún virtist hafa misst mátt í tveimur af sex fótum, en réðst samt til atlögu.

Skaði hrökklaðist undan, tók hliðarstökk og reyndi að tefja átökin eins lengi og mögulegt var í von um að skepnan missti sem mest blóð áður en til skarar þyrfti að skriða. Myllukjallarinn var ekki stór og hún neyddist fljótt til að mæta skepnunni. Skaði greip tækifærið þegar hún sá augu dýrsins ranghvolfast vegna blóðleysis og hljóp að henni með sigðina á lofti.

Þær skullu saman, veiðigyðjan og óvætturinn, og upphófust þá miklar ryskingar. Skaði ríghélt um háls skepnunnar en þurfti að þola klór og högg á baki og útlimum fyrir vikið. Óvætturinn hristi sig og sveiflaði höfði

og limum, en Skaði náði taki um annað hornið og tók að höggva af ákafa með næstan bitlausri sigðinni í skolt, andlit og augu hennar.

Á endanum gafst óvætturinn upp. Hún riðaði á öllum sex fótum og féll fram á við á moldargólfið, reyndi árangurslaust að glefsa í fætur bráðarinnar.

Sjálft féll Skaði á afturendann, skreið og spyrnti sér frá, upp að vegg þar sem hún settist móð og másandi. Adrenalínið var tæmt, hún fann til meiðsla víðsvegar á líkamanum, athugaði í skyndi hvort hún hefði hlotið einhverja lífshættulega áverka. Svo reyndist ekki vera, en hún þyrfti samt að hlúa að stöku sárum. Hún fann til örþreytu og hlakkaði til að láta sig falla í tjörnina fyrir utan og drekka vatn þar til henni yrði óglatt.

Hún fylgist með lífi óvættarins fjara út.

„Takk fyrir áskorunina,“ sagði veiðigyðjan.

TUTTUGASTI OG SJÖUNDI KAFLI

Leit að miðju

Án árangurs reyndi Móði Þórsson að klifra upp einn af þessum horngrýtis veggjum eins og hann kallaði þá. Og það reyndi á skapið.

Í hvert sinn sem hann taldi sig hafa náð fótfestu gaf steinn sig, skarðið í veggnum hvarf og hann hlunkaðist aftur niður. Hann kenndi þunglamalegum skófatnaðinum um þótt hann áttaði sig fyllilega á því að það voru veggirnir sem sýndu af sér svik. Hann vildi ekki viðurkenna það, því hann sætti sig ekki við að kynngi völundarhússins hefði hann að fífl.

Á að giska hálf tími var liðinn frá því hann varð viðskila við hópinn. Hann hafði hlaupið til þegar Baldur hvarf sjónum í von um að finna hann áður en það yrði um seinan. En Móði fann hvorki frænda sinn né leiðina aftur til skjóta ássins og seiðkonunnar. „En þetta voru aðeins nokkur skref!“ hafði hann sagt og slegið sér á enni.

Þórssonurinn fékk að upplifa það sem þau höfðu verið vöruð við: Að þessi fjárans staður gerði í því að sundra föruneytum, króa einstaklinga af og villa um fyrir þeim. Hann klóraði sér í börtunum og strauk sigggrónum lófunum yfir höfuðið.

„Hvað geri ég þá?“ tautaði hann. „Ég get ekki látið þennan skrípastað ginna mig.“

Hann rifjaði upp áætlunina, sem var í grunninn einföld: Ef leiðir skildu ætti að halda áfram, reyna að finna miðjuna og þegar þangað væri

komið ætti ekki að aðhafast neitt fyrr en gulltaflan væri þar. Sem þýddi náttúrulega að ekkert ætti að aðhafast fyrr en Hænir væri þangað kominn.

„Ætli ég haldi þá ekki áfram? Sjáum hvað bíður mín.“

Hann dró gilda trékylfu úr beltinu, hneppti að sér jakkanum, hífði upp um sig buxurnar og hélt af stað. Hann reyndi að dvelja ekki of lengi yfir því hvaða leið ætti að taka hverju sinni, hvaða beygju skyldi taka næst, hvaða horn skyldi stíga fram fyrir, heldur arkaði hann ákveðinn áfram handahófskennt í einhverja átt.

Í rústunum umhverfis Takram villtist hann stundum og þá einkum í hinum válegu og villtu Vesturrústum. Þótt þrautseigja og samvinna með öðrum væri sterkasta leiðin til að lifa af í þessum heimi, hafði hann af illri reynslu lært að aldrei mætti missa móðinn þegar maður stæði frammi fyrir einsemd og björgunarleysi. Eina leiðin væri þá fram á við með þrjúsku sem áttavita og eðlisávísunina sem leiðarvísi. Áður fyrr, fyrir Ringulreiðina, átti Móði einmitt í erfiðleikum með að treysta eigin ákvarðanatökum, sér í lagi vegna skapofsans og órókrænnu hugsananna sem skapinu fylgdi. Skapið var engu minna nú, en Móða hafði lærst að temja það til gagns fremur en að láta það aftra sér, með því að hleypa því út í smáskömmtum og leyfa því hálf í hvoru að eiga hlut í hugsunum og ákvörðunum.

Hann missti tölu á beygjunum sem hann tók, fannst sem mynstur bugðóttts steingólfsins undir sér síendurtæki sig, engu líkara en veggirnir hæddust að honum. Honum fannst sem hann væri tilraunadýr á gleymdri og yfirgefinni rannsóknarstofu.

Sönglandi þóttist hann áhyggjulaus uns hungrið gerði vart við sig. Þá

skelfdist hann.

Mér hefur ekkert orðið ágengt. Þetta getur ekki endað svona. Ekki eftir allt saman. Eftir allar raunirnar, voru hugsanir sem tóku að þjaka hann.

Móði hugsaði til elskunnar sinnar, veiðigyðjunnar, hvar hún væri niðurkomin, hvort hún og Rostam og Farrah væru komin langleiðina að Iðavelli, og þá rifjaði hann upp góðu stundirnar í neðanjarðarborginni áður en Nanna hvarf, hugsaði til frísins og veisluhaldanna milli inngripsferða, mjúka rúmsins og hitans frá arni og ilmsins frá grilli. Þá reikaði hugurinn til uppvaxtaráranna á Þrúðvöngum og bústaðs ásafjölskyldunnar, Bilskirni.

Landið var gjöfult. Bárur gullinna akra bifuðust með svalan ljósgráan himininn yfir sér, og í þeim syntu þegnar ríkisins, flestir bændir og akuryrkjufólk. Þór og Sif unnu akrana rétt eins og þegnarnir, og kenndu börnum sínum slíkt hið sama; að góð og heiðarleg dagvinna væri öllum ásakröftum ofar.

Móði sýndi af sér dugnað, fór eftir því sem honum hafði verið kennt og gerði sitt besta. Líkamleg vinna og útsjónarsemi í akuryrkju, byggingarvinnu og smíði var honum í blóð borin, jafnvel þótt hann kæmist ekki í hálfkvisti við bróður sinn hvað varðaði líkamlegan styrk. Hávaðinn, orkan og skapið gerði Móða oft erfitt um vik. Hann átti erfitt með að halda einbeitingu, lærði ekki að lesa og skrifa fyrr en um síðir, og heima fyrir átti hann við agavandamál að stríða — vildi heldur vera úti, skoða sig um, skoða heiminn. Oftast var honum þó gert að „gæta

heimahaganna“ ásamt Þrúði systur sinni og Ulli hálfbróður. Magni var sá sem fékk að fara með föðurnum í flestar ferðir. Móði minntist svekkelsins þegar þeir feðgar flugu á brott í vagninum og Magni fékk að svipa geithafrana áfram. Þór hafði ávallt haldið upp á hann, hampað honum fyrir styrk sinn, gefið honum heilan hest fyrir fyrsta afrek sitt og svo mátti lengi telja. Magni erfði kraft föðurins, en Móði skap og lundarfar.

Þegar sá síðarnefndi varð eldri, eftir fyrstu ynginguna, sá hann og gerði sér grein fyrir því að Þór átti erfitt með að umgangast þann son sem hann sá sig mest í. Skap og hvatvísi Móða vakti með föðurnum ókennd, óþægilega speglun, og þrumuguðinn var ekki mikið fyrir sjálfsskoðanir.

Alla tíð hélt Móði að Magni væri tvíburabróðir sinn og var gáttaður á hversu ólíkir þeir væru að lundarfari. Þess vegna kom ekki á óvart þegar í ljós kom að svo var ekki; Þór hafði verið Sif ótrúr í ferðum sínum rétt eins og faðir hans var gagnvart Frigg. Móði velti því fyrir sér hvort Sif hafi raunverulega verið barnsmóðir sín. En gildi það einhverju? Hún var honum góð, hún var kona sem hélt í við Þór, og hughreysti Móða þegar hann stóð frammi fyrir óréttlæti innan heimilislífsins. Hún var sú sem þegnar Þrúðvanga litu hvað mest upp til og þeir sungu gjarnan um hár hennar sem akurlendið sjálft.

Aldirnar liðu og Móði fékk að ferðast eilítið með föður sínum út fyrir Þrúðvanga, jafnvel út fyrir Ásgarð, þótt ferðirnar væru stuttar. En ferðirnar sem Þór fór einsamall í urðu æ lengri, stundum svo mánuðum eða jafnvel árum skipti. Hann sagði vandamál heimsins verða fleiri og ástandinu færi hrakandi. Þór varð því sífellt þungbúnari og áhyggjufyllri eftir því sem siðmenning Miðgarðs óx og varð flóknari. Tækninýjungar

Miðgarðs náðu sjaldnast til Ásgarðs, því að á þeim var ekki mikil þörf, en í ljós kom að sú þekking og kunnátta sem mannfólkið hafði þróað með sér leiddi til þrálátrar vargaldar. Móði heyrði eitt sinn föður sinn segja við Sif að Óðinn hefði sagt frá því á fundi æðri ása að frumöflin vildu sjá breytingar, jafnvel nýtt upphaf. En Alfaðirinn væri á öðru máli. Of miklar fórnir hefðu verið færðar, of mikil vinna á bakvið allt saman. Átök væru þar af leiðandi í uppsiglingu.

Þór vildi halda sonum sínum sem fjærst vandamálum ásanna. Á þungum rigningarkvöldum með mjöð í hönd, framan við arininn í Bilskirni, talaði hann stundum um arf sinn og erfingja.

„Komið hér, drengir mínir,“ sagði hann með harkalegri einlægni. „Nú skuluð þið veða hann í hendi ykkar.“

Móði og Magni, þá fullvaxta, báðir orðnir alskeggjaðir og limadigrir að vexti, settust á bjarnarfeldinn milli arinsins og föðursins. Þór, með mjaðarfroðu í ljósrauðu skegginu, lyfti hamrinum úr kjöltu sér og rétti þeim. „Finnið kraftinn, finnið gripið og finnið þyngdina.“

Móði mundi ljóslifandi eftir kvöldinu sem hann tók fyrst um forskeftið stutta. Öll hans bræði og hamslaus ástríða færðist á milli hans og Mjöllnis, fram og til baka, líkt og vitund og tilfinningar mættust á venslasvæði mitt á milli hans sjálfs og hamarsins. Móði fann samstundis fyrir því að hann gæti stjórnað Mjöllni, að hamarinn gæti gert hann að betri ás og að þar væri komið fyrirbærið sem gerði hann heilan. Þá hrifsaði Magni af honum hamarinn og hélt honum fyrir sjálfan sig það sem eftir var kvöldsins. Glampinn í augum Magna, hvítir fingurnir og fast takið um forskeftið vöktu með Móða öfund og ótta.

Óttinn við bróður sinn fylgdi honum alla tíð, og þrátt fyrir að hann segði annað hafði honum aldrei tekist að yfirstíga hann.

Í völunderhúsinu greip sá ótti um sig, ágerðist sem aldrei fyrr og í samspili við hungrið gagntók hann skilningarvit Móða. Hann gekk hægar, reikaði skjögrandi og riðaði, missti sjónar á hegðun veggjanna í kring, og það leið ekki á löngu þar til þeir lokuðu hann inni í smáu rými. Engin leið út. Móði barði í veggina með trékylfunni og hnefanum, stundi í örvilnan, féll að lokum aftur fyrir sig og við hverja loku augnlokanna teygðust veggirnir móts við hver annan og mynduðu hvolf fyrir ofan hann. Yfirborð veggjanna og steingólfsins tóku að bylgjast og mynda kunnuglegt litróf gulra lita. Móði lagðist á hliðina og kastaði upp galli.

Þegar hann reisti sig aftur við fann hann hvin í eyrum. Liggjandi þerraði hann velgjutárin og sá löng kornstrá bera við himin, og fann þá mjúka moldina undir sér. Skýin fóru hratt yfir og skjáfíð í stráunum var sem söngur úr æsku. Móði táraðist aftur, en nú vegna söknuðar og endurlits til einföldu tímanna. Hann stóð upp, leit yfir akurlendið og sá Bilskirni í fjarska, hina stóru höll ásafjölskyldunnar, mikið timburhús á pari við Valhöll, skreytt útskurði og styttum. Hinar fjölmörgu dyr á öllum hliðum Bilskirnis stóðu opnar, því þangað voru allir þegnar velkomnir.

„Er ég kominn aftur?“ Móði strauk yfir andlitið en fann fyrir örnum, yfirvaraskegginu og börtunum, leit niður fyrir sig og sá leðurjakkann, slitnar gallabuxurnar og mittisgrennri líkama en hann hafði nokkurn tímann haft á æviskeiði sínu. Trékylfan var enn í höndinni.

Hann andvarpaði. „Ég er fastur í andskotans rangölum einhvers

staðar undir yfirborði sjávar. Ég verð að muna það. Ekki falla fyrir talsýnunum ... en ... fyrst ég er hér, hvers vegna ekki að kíkja á æskuslóðirnar?“

Eftir það sem hann taldi vera um tíu mínútna göngu komst hann að því að Bilskirnir var enn í sömu fjarlægð. Honum varð ekkert ágengt yfir akurlendið. „Verð ég að bíða þetta af mér?“ sagði hann, en hugsaði: *Ekki er ég fastur hérna?*

Þá heyrði hann fráblástur fyrir aftan sig, skjáf og djúpt svarrandi jarm. Hann sneri sér við.

Á akrinum, milli stránna, sá hann hvar stóðu tveir stórvaxnir geithafrar með löng, kúpt og þykk horn, skítuga ull og heift í augum. Þeir bjuggu sig undir að stanga hann.

Móði horfði í augu þeirra en leit undan þegar hann fann til óttans, bæði gagnvart bróður sínum og föður — sífelldan kvíðaótta við að geta ekki gert til geðs. Hann heyrði hafrana róta upp moldinni með klaufunum, þeir myndu leggja til atlögu þá og þegar. Vegna óttans gat Móði ekki litið á hafrana, heldur lyfti upp trékylfunni og sló blindandi frá sér þegar hann heyrði þá nálgast. En höggið hæfði engan. Þess í stað fékk hann harðan skell á bók og kastaðist á bak aftur. Verkurinn og höggið rændu af honum andanum, hann tók andköf og hóstaði. Hafrarnir höfðu stangað hann harkalega, hlaupið ögn lengra áfram, snúið sér við og bjuggu sig undir aðra atlögu. Móði staulaðist upp á hné, beygjandi sig og hóstandi. Fékk andann að lokum aftur.

Auminginn þinn! hugsaði hann og ávítti sjálfan sig. *Á lappir með þig.*

Hann stóð upp og sagði upphátt: „Þú ert ekki hræddur, andskotinn

hafi það!“ En þegar hann leit á hafrana fylltist hann engu að síður skelfingu.

Hugur Móða leitaði í vörn, leitaði eftir hugsunum sem veittu honum öryggi og skjól. Gjarnan voru það heimahagarnir, en hann var staddur þar og hættan lá þar fyrir. Hann hugsaði þá til eftirlifendanna, til Iðavallar, til Baldurs, til spekinganna tveggja, inngrípsferðanna, til baráttunnar síðastliðnar aldri, til Skaði. Hann endaði ekki hjá henni eins og vanalega, heldur hugsaði lengra, hugsaði til Mjöllnis og löngunarinnar til að verða heill með hamrinum. Snerust þá hugsanirnar til Magna, óréttlætisins sem einkenndi allar hans gjörðir og að lokum hugsaði hann til þess hversu miklum skaða bróðir hans hafði valdið með hamrinum. Móði skyldi heimta hamarinn aftur. Níðhöggur skyldi falla.

Þessi ótti er óþarfur, hugsaði hann og mætti stingandi augnaráði hafranna. „Þessi ótti er óþarfur,“ endurtók hann upphátt. „Ég þarf ekkert að óttast lengur. Ekki eftir allt sem á hefur gengið. Magni, ég hræðist þig ekki!“ kallaði hann og hafrarnir skirrtust við. „Þór, faðir, ég þarf ekki að sanna mig fyrir þér! Ég er réttmætur handhafi hamarsins, ég er verndari Fólksins!“

Hann kastaði frá sér kylfunni og rauk af stað til móts við geithafrana. Í sama bili og þeir drupu niður höfði til að stanga greip Móði um sitthvort horn þeirra, beitti öllum sínum mætti og keyrði þá í jörðina. Hann fékk klaufir í andlit og harða mótspyrnu, en það rann á Þórssoninn berserksæði og með berum höndum barði hann geithafrana til óbóta. Hnefahögginn urðu þyngri eftir því sem þau urðu fleiri. Hann reif hornin af höfðunum og stakk á kaf í kvið þeirra. Hungrið blossaði upp á ný og sameinaðist

æðinu. Með horni skar hann upp báða hafrana og át hrátt kjötið. Á milli gráðugs smjatts og gómhljóða barði hann áfram í þá.

Þegar Móði hafði étið fyllingu sína spyrnti hann hræjunum frá sér. Velliðanin sem fylgdi spennufallinu dreifði sér um limina; honum hafði tekist að yfirstíga óttann og kvíðann; honum hafði tekist að seðja hungrið eftir því að verða heill. Næsta skref væri að mæti Magna og endurheimta Mjöllni. Hann var tilbúinn.

Gullnir aktrar Þrúðvanga hurfu og jörðin undir honum varð aftur hörð. Litlausir veggir völundarhússins komu í ljós og myndast hafði leið út úr rýminu sem hann lokaðist inni í. Móði, blóðugur í andliti og á höndum, stóð upp og greip trélkylfuna. Blóðið var ekki hans, heldur geithafranna. Þeir lifnuðu ekki aftur við.

Leiðin sem hann arkaði nú eftir var greið og langir veggirnir beggja megin stefndu aðeins í eina átt. Eftir stutta göngu komst Þórssonurinn að miðjunni.